

Fundargerð (34)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 11. maí 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Halldóra S. Sveinsdóttir
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga voru boðuð forföll bæði aðal- og varafulltrúa
Frá Reykjavíkurborg; Raket Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Kristín Ösp Jónsdóttir
Verkefnisstjórn: Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir, Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams laugardaginn 24. apríl. Í upphafi fundar var Aldísi Magnúsdóttur fagnað sem eftirmanni Sverris Jónssonar fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis.

- 1. Fundargerð 33. fundar** var samþykkt. Fundarstjóri fór yfir fundargerðina. Vakti hún athygli á að dagskrárliðum 3 **Yfirferð uppfærðs stýriskjals** og 5 **Lykilmælikvarðar matshóps og áherslur** hafi á síðasta fundi verið frestað til þessa fundar til að öllum gæfist tími til að kynna sér stýriskjalið fyrir umræðu og skila nauðsynlegum gögnum til matshópsins. Áhersla lögð á að matshópnum berist gögn frá öllum þeim sem aðild eiga að verkefninu eins og um var samið með fylgiskjali II.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Meðal annars gerð grein fyrir stöðu umræðu um lengd vakta hjá einstökum aðildarfélögum SFV, og skrefum sem ákveðin hafa verið í samstarfi aðila.
- 3. Yfirferð uppfærðs stýriskjals.** Umræðu frestað um viku.
- 4. Vaktahvati og jöfnun vinnuskila.** Bára Hildur fór yfir breytingar sem gerðar hafa verið í samstarfi verkefnisstjóra við fulltrúa frá launafólki og launagreiðendum frá síðasta fundi. Málið rætt og bent á einstök atriði. Hópurinn sem vann skjalið mun fara yfir ábendingar og gera tillögur til breytinga á skjalinu í ljósi þeirra. Ákveðið að hann sendi stýrhópnum ný drög síðdegis á morgun og óski eftir því að athugasemdir, ef einhverjar eru, berist fyrir mánudagsmorgun. Markmiðið að afgreiða leiðbeiningar á næsta fundi.
- 5. Lykilmælikvarðar matshóps og áherslur.** Umræðu frestað um viku en upplýst að verkefnisstjóri muni eiga fundi með matshópnum til að kortleggja hvernig samskiptin

verða á eftirfylgnitíma og hvaða form- og efniskröfur reglubundanr skýrslur matshóps til stýrihóps þurfa að uppfylla.

Fundi slitið kl. 14.40. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur ákveðinn þriðjudaginn 18. maí kl. 14.00-15.30